# Minnisblað

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Viðtakandi** | Fjárlaganefnd | **Dagsetning** | 29. maí 2024 |
| **Sendandi** | Skrifstofa viðskipta og ferðamála. | **Málsnúmer** | MVF24030099 |

## Minnisblað um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs af ferðaþjónustu 2024 og 2025.

Í framhaldi af fundi með fjárlaganefnd um fjármálaáætlun 2025-2030 er í minnisblaði þessu að finna upplýsingar um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs af ferðaþjónustu á árinu 2024 og 2025.

### 2024

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að gistináttaskattur, sbr. lög nr. 87/2011 um gistináttaskatt, skili 3.830 m. kr. og að virðisaukaskattur af gistináttaskatti verði 420 m.kr. Samtals 4.250 m. kr. Endurmetnar tekjur 2024 í fjármálaáætlun eru aðeins lægri, eða 3.665 m.kr án VSK og 4.065 m.kr. með VSK. Sjá nánar töflu frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu hér fyrir neðan.

| | | FÁ24-28 | | fjárlagafrv | | br. við 2. umr. | | frv 2. umr. | | br. við 3. umr. | | fjárlög | | FÁ25-29 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | rgr | grgr | rgr | grgr | rgr | grgr | rgr | grgr | rgr | grgr | rgr | grgr | rgr | grgr |
| Gistináttaskattur | 2024 | 4.130 | 4.130 | 4.175 | 4.175 | -765 | -765 | 3.410 | 3.410 | 420 | 50 | 3.830 | 3.460 | 3.665 | 3.665 |
| Gistináttaskattur / nýtt gjald af ferðamönnum | 2025 | | | | | | | | | | | | | 6.000 | 6.000 |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| VSK á gistináttaskatt | 2024 | | | | | | | | | | | 420 | 380 | 400 | 400 |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| Gistináttaskattur með VSK | 2024 | | | | | | | | | | | 4.250 | 3.840 | 4.065 | 4.065 |

### 2025

Varðandi áform um gjaldtöku af ferðaþjónustu árið 2025 vísast til bls. 56-57 í fjármálaáætlun, kafla 3.2 um fjármál ríkissjóðs:

*„Til skoðunar er að gera breytingar á gjaldtöku ferðamanna í samræmi við vinnu starfshóps á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytis. Ferðaþjónustan hefur haft nær óheftan aðgang að náttúruauðlindum, sem er ein helsta söluvara greinarinnar, með tilheyrandi álagi á náttúru og innviði landsins. Vísbendingar eru um að á sumum ferðamannastöðum sé álagið nú þegar komið að eða yfir þolmörk, a.m.k. á háannatímum. Af þeim ástæðum er til skoðunar að setja á fót gjaldtöku sem stuðlar að sjálfbærni ferðamannastaða þannig að fjöldi þeirra verði í samræmi við þolmörk náttúruauðlinda, innviða og samfélagsins í heild. Samhliða þeirri vinnu er gert ráð fyrir endurskoðun á gistináttagjaldi.“*

Áætlaðar tekjur af þessum áformum koma ekki fram í fjármálaáætlun 2025-2029. Í tekjuáætlun að baki fjármálaáætlun kemur hins vegar fram að áætlaðar tekjur af ferðaþjónustu árið 2025 séu 6 ma.kr.

**Sent fjárlaganefnd til upplýsingar.**